

## Skíðanámskeið í Hlíðarfjalli 15. – 17. febrúar 2013

Fyrir hverja;

1. Einstaklinga með þroskahamlanir og/eða röskun á einhverfurófi,
2. Leiðbeinendur, skíðakennara og aðra sem áhuga hafa á skíðaiðkun fatlaðra

**Dagskrá: Föstudagur 15. febrúar, klukkan 18 – 21:30.**

Fyrirlestur um helstu atriði sem þarf að hafa í huga þegar fólki með þroskahamlanir og fólki á einhverfurófi er kennt á skíði.

**Laugardagur 16. febrúar, 9:30 – 16:00.**

Þátttakendur fá skíðakennslu frá leiðbeinendum

**Sunnudagur 17. febrúar, 9:30 – 16:00.**

Þátttakendur fá skíðakennslu frá leiðbeinendum.

Allir sem áhuga hafa geta komist á skíði og er fatlað fólk ekki undanskilið. Ef réttur búnaður og aðstoð er til staðar geta allir verið með. Skíðaiðkun er afþreying styrkir sál og líkama og sem hentar allri fjölskyldunni. Það er því með stolti sem Vetrariþróttamiðstöð Íslands og Íþróttasamband fatlaðra í samstarfi við Hlíðarfjall og NSCD, Winter Park Colorado bjóða upp á skíðanámskeið fyrir einstaklinga með þroskahamlanir og/eða röskun á einhverfurófi. Námskeiðið er fyrir byrjendur og lengra komna. Sérstök áhersla er einnig á kennslu fyrir leiðbeinendur og aðra sem vilja læra að aðstoða fatlað skíðafólk.

Aðal leiðbeinandi námskeiðsins Beth Fox, hefur kennt fötluðu fólki á skíði síðastliðin 25 ár. Hún er framkvæmdastjóri National Sports Center for the Disabled (NSCD) sem sérhæfir sig í útivist fatlaðs fólks. Vanir Íslenskir leiðbeinendur verða henni til aðstoðar.

**Þátttökugjald: 15.000.- Innifalið í námskeiðsgjaldi er skíðakort fyrir helgina ásamt súpu í hádeginu á laugardag og sunnudag. Leiðbeinendur greiða ekki þátttökugjald.**

**Staðfesta skal skráningar á netfang; [annak@isisport.is](mailto:annak@isisport.is) fyrir 15. febrúar. Takmarkaður fjöldi.**

*Annað skíðanámskeið fyrir fatlaða einstaklinga verður 8. – 10. mars, nánar auglýst síðar*

